

# OFFITA Á MEÐGÖNGU

Mælt er með því að mæla BMI barnshafandi kvenna í upphafi meðgöngu – sjá NICE leiðbeiningar.

## ALMENN FLOKKUN EFTIR BMI:

- Of létt, BMI < 18.5
- Eðlileg þyngd, BMI 18.5 - 24.9
- Ofþyngd, BMI 25 - 29.9
- **Offita, BMI 30 - 35**
- **Alvarleg offita, BMI >35**

Rannsóknir benda til þess að um fimmta hver kona á barneignaraldri á Íslandi sé með BMI >30.

Meðganga og fæðing er að öllu jöfnu áhættusamari fyrir þennan hóp.

## HELSTU VANDAMÁL FYRIR MEÐGÖNGU GETA VERIÐ:

Minnkuð frjósemi, PCOS, DM, háþrýstingur, truflaður vítamínbúskapur (t.d. fólinsýra), hyperinsulinemia, afleiðingar megrunaraðgerða, stoðkerfiseinkenni, áhrif á öndun og hjarta. Algengara er að konur með offitu reyki.

## HELSTU VANDAMÁL Á MEÐGÖNGU:

Aukin tíðni fæðingargalla (aðallega miðtaugakerfisgallar) og fósturláta, GDM, háþrýstingur, preeklampsia, blóðtappar, þungburar, vaxtarseinkun í lok meðgöngu, fósturdauði. Margar klínískar skoðanir eru erfiðar t.d. ómun, SF mæling, blóðþrýstingsmælingar, mat á leghálsi, mat á legu fósturs.

## HELSTU VANDAMÁL Í FÆÐINGU:

Aukin hættu er á því að barnið verði fyrir axlarklemmu og þar með aukin tíðni plexusskaða. Aukin tíðni inngripa og fylgikvilla í og eftir fæðingu.

Offita er verulegur áhættuþáttur og því mælt með ráðgjöf fæðingarlæknis til að meta þörf á t.d. ASA, segavörn, frekari ómskoðunum svo og ráðgjöf svæfingarlæknis.